Skjalafals með því að hafa þann 4. október 2012 útbúið og framvísað gagnvart starfsmanni Alp ehf., kt. [...], falsaði yfirlýsingu um uppgjör skulda, vegna afnota á bílaleigubifreiðum sem fengust með fjársvikum, líkt og greinir í ákærukafla X., en ákærði falsaði áritun B, fyrir hönd [...] ehf. sem greiðanda, og áritun móður sinnar, C, sem sjálfskuldarábyrgðarmanns.

Telst háttsemin varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

007-2013-33793

XII.

Fjársvik með því að hafa í júní 2012 blekkt starfsmann Skeljungs hf., kt. [...], til þess að heimila reikningsviðskipti við [...] ehf., kt. [...], en á þeim grundvelli var ákærða eða öðrum fyrir hans hönd látið í té vörur og þjónusta með gjaldfresti án þess að ákærði hefði heimild til að skuldbinda [...]. Ákærði sendi tölvupóst í nafni B, hlutahafa [...], til starfsmanns Skeljungs þar sem farið var fram á viðskiptin og var fallist á beiðnina. Með þessum hætti sveik ákærði út vörur og þjónustu í eftirfarandi tilvikum, samtals að verðmæti kr. 189.450, sem hann nýtti í eigin þágu eða annarra en vegna mistaka forsvarsmanns [...] voru greiddir reikningar til Skeljungs, samtals að fjárhæð kr. 157.753, með tilheyrandi tjóni fyrir [...]:

Tilvik	Dagsetning	Kort	Fjárhæð
1	jún. 2012	7482	5.321
2	jún. 2012	7474	39.693
3	jún. 2012	7466	38.881
4	júl. 2012	7474	51.676
5	júl. 2012	7466	22.182
6	nóv. 2012	7474	31.697

Samtals kr. 189.450

Telst háttsemin varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. 007-2013-33793

XIII.

Fjársvik en til vara fjárdrátt með því að hafa á tímabilinu 18. október 2012 til 22. október 2012 blekkt D til að millifæra, í þremur mismunandi greiðslum, samtals kr. 390.000, á bankareikning ákærða nr. [...] í MP banka hf. Ákærði taldi honum ranglega trú um að hann ætlaði að opna bankareikning fyrir D hjá HSBC Private Bank (Luxembourg) SA sem myndi bera mjög háa vexti og að D fengi jafnframt greiðslukort til úttekta af reikningnum en ákærði kvaðst geta komið á viðskiptunum þar sem að hann væri sjálfur í verulegum viðskiptum við bankann. Bankareikningurinn var hins vegar aldrei stofnaður og nýtti ákærði án heimildar

fjármunina í eigin þágu að frátöldum kr. 30.000 sem hann millifærði til baka þann 14. janúar 2013.

Telst háttsemin varða við 248. gr. en til vara 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. 007-2013-17376

XIV.

Fjársvik en til vara fjárdrátt með því að hafa þann 20. nóvember 2012 blekkt E til að millifæra kr. 1.000.000 á bankareikning ákærða nr. [...] í MP banka hf. Ákærði taldi honum ranglega trú um að hann ætlaði að opna bankareikning fyrir E hjá HSBC Private Bank (Luxembourg) SA sem jafnframt myndi bera hátt í 20% mánaðarlega vexti og lét E fylla út umsóknareyðublöð vegna reikningsins sem og vegna greiðslukorts sem sagt var til úttekta af reikningnum en ákærði kvaðst geta komið á viðskiptunum þar sem að hann ætti sjálfur verulega fjármuni í bankanum. Bankareikningurinn var hins vegar aldrei stofnaður og nýtti ákærði án heimildar fjármunina í eigin þágu.

Telst háttsemin varða við 248. gr. en til vara 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. 007-2013-4170

XV.

Fjársvik en til vara fjárdrátt með því að hafa á tímabilinu 29. október til 28. nóvember 2012 blekkt F til að millifæra samtals kr. 2.400.000 á bankareikning ákærða nr. [...] í MP banka hf. Ákærði taldi F ranglega trú um að fjármununum skyldi annars vegar vera ráðstafað til greiðslu á lífvarðanámskeiði erlendis á vegum Knight Academy fyrir F og G, samtals kr. 2.000.000, sem millifært var dagana 29. október, kr. 1.400.000, og 5. nóvember, kr. 600.000, og hins vegar vegna bankareiknings sem ákærði kvaðst ætla opna fyrir F hjá HSBC Private Bank (Luxembourg) SA, kr. 400.000, sem millifært var þann 28. nóvember, en ákærði lét F fylla út umsóknareyðublöð þess efnis sem og vegna greiðslukorts sem ákærði sagði að væri til úttekta af reikningnum. Ákærði kvaðst gegn betri vitund geta komið á viðskiptunum þar sem hann ætti sjálfur verulega fjármuni í bankanum. Fjármunirnir skiluðu sér þó aldrei til þeirra verkefna sem þeim var ætlað heldur voru nýttir án heimildar í þágu ákærða.

Telst háttsemin varða við 248. gr. en til vara 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. 007-2013-4170

XVI.

Fjársvik en til vara fjárrátt með því að hafa á tímabilinu 29. nóvember 2012 til 11. janúar 2013 blekt G til að millifæra samtals kr. 1.000.000 á bankareikning ákærða nr. [...] í MP banka hf. Ákærði taldi G ranglega trú um að hann ætlaði að opna bankareikning fyrir G hjá HSBC Private Bank (Luxembourg) SA sem jafnframt myndi bera hátt í 20% vexti. Þann 29. nóvember 2012 millifærði G kr. 300.000 á bankareikning ákærða og eftir að ákærði hafði látið G fylla út umsóknareyðublöð vegna reikningsins sem og vegna greiðslukorts, er ætlað var til úttekta af bankareikningnum, millifærði G þann 11. janúar 2013 kr. 700.000 á bankareikning ákærða. Ákærði stofnaði hins vegar aldrei til bankaviðskiptanna fyrir G heldur nýtti fjármunina án heimildar í eigin þágu.

Telst háttsemin varða við 248. gr. en til vara 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. 007-2013-4170

XVII.

Fjársvik en til vara fjárrátt með því að hafa á tímabilinu 4. mars til 4. nóvember 2011 með blekkingum fengið H, forstjóra vefverslunarinnar Spreadshirt, til að millifæra samtals kr. 6.792.509 á bankareikninga ákærða hjá annars vegar Arion banka, nr. [...], og hins vegar hjá Íslandsbanka hf., nr. [...], sem safnast höfðu vegna sölu á vörum til styrktar [...] samtökunum á vefsíðu Spreadshirt (www.spreadshirt.com). Ákærði sem starfaði sem sjálfboðaliði fyrir [...] sendi tölvupóst þann 27. febrúar 2011 til H í nafni K, forsvarsmanns [...] samtakanna, þar sem vísað var til ákærða sem „S“ og ranglega fullyrt að hann nyti fullrar heimildar til meðferðar fjármuna vegna sölu muna á vef Spreadshirt. Fjármununum var ætlað að renna inn á reikning Sunshine Press Productions ehf., kt. [...], nr. [...], í Landsbankanum hf., sem lýtur m.a. stjórn forsvarsmanna [...], þeirra K og I, þar sem fyrirhugað var að ráðstafa þeim til verkefna á vegum [...]. Ákærði lét hins vegar H greiða ávinning af sölu, 40.895,15 USD og 13.302,60 EUR, samtals kr. 6.792.509, á ofangreinda bankareikninga og nýtti í kjölfarið féð án heimildar í eigin þágu en færslurnar sundurliðast sem hér segir:

Tilvik	Dagsetning	Dollar	Evrur	Krónur	Banki
1	4. mar.11	5.151,09		586.213	Arion banki hf.
2	4. mar.11		1.488,61	238.958	Arion banki hf.
3	17. mar.11	12.737,10		1.448.430	Arion banki hf.
4	21. mar.11		2.875,83	463.343	Arion banki hf.

5	14. apr.11		1.726,24	278.737	Arion banki hf.
6	18. apr.11	6.664,38		751.106	Arion banki hf.
7	17. maí.11	3.173,69		361.134	Arion banki hf.
8	20. maí.11		1.601,70	261.314	Arion banki hf.
9	14. jún.11	1.784,36		202.330	Arion banki hf.
10	20. jún.11		1.096,42	180.069	Arion banki hf.
11	12. júl.11	1.993,30		228.784	Arion banki hf.
12	14. júl.11		602,40	99.053	Arion banki hf.
13	2. ágú.11	2.997,12		339.962	Arion banki hf.
14	5. ágú.11		867,44	142.159	Arion banki hf.
15	1. sep.11	1.891,26		211.544	Arion banki hf.
16	2. sep.11		626,38	101.409	Arion banki hf.
17	3. okt.11	1.989,30		231.462	Arion banki hf.
18	7. okt.11		1.296,11	205.045	Íslandsbanki hf.
19	14. okt.11		599,77	95.213	Íslandsbanki hf.
20	1. nóv.11	2.513,55		284.165	Arion banki hf.
21	4. nóv.11		521,70	82.079	Íslandsbanki hf.

40.895,15 13.302,60 6.792.509

Telst háttsemin varða við 248. gr. en til vara við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. 007-2012-34231

XVIII.

Fjársvik með því að hafa í september 2011 blekkt starfsmann Höldurs ehf., kt. [...], rekstrarleyfishafa Europcar á Íslandi, til að heimila reikningsviðskipti við Járngerði ehf., kt. [...], en á þeim grundvelli var ákærða eða öðrum fyrir hans hönd látið í té bílaleigubifreiðar til afnota með gjaldfresti án þess að ákærði hefði heimild til að skuldbinda Járngerði. Ákærði hafði samband símleiðis og óskaði eftir viðskiptunum og var fallist á beiðni ákærða. Með þessum hætti sveik ákærði út þjónustu í eftirfarandi tilvikum, samtals að verðmæti kr. 3.059.054, sem hann nýtti í eigin þágu eða annarra en ákærði lét þrívægis greiða til Höldurs ehf. alls samtals kr. 506.756 vegna úttektanna:

Tilvik	Dagsetning	Skráningarnúmer	Fjárhæð
1	6. sep. 2013	EO-B34	209.959
2	13. sep. 2011	GU-A98	684.668
3	23. des. 2011	GU-A98	387.750
4	15. jan. 2012	IC-X37	210.706
5	21. jan. 2012	AS-H40	237.000
6	26. jan. 2012	FJ-J96	91.612
7	27. jan. 2012	JD-V59	18.118
8	29. jan. 2012	DR-A63	117.200
9	1. feb. 2012	DT-U60	102.420
10	4. feb. 2012	EO-B34	160.822
11	6. feb. 2012	VR-K58	13.181
12	8. feb. 2012	YP-S26	38.418
13	30. nóv. 2012	EO-B34	787.200

Samtals kr. 3.059.054

Telst háttsemin varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. 007-2013-29204

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur: Þá gera eftirgreindir aðilar kröfu um greiðslu skaðabóta:

Vegna ákærukafla I:

Erla Skúladóttir hdl., gerir þá kröfu f.h. ÁTVR að ákærði verði dæmdur til að greiða umbjóðanda hennar skaðabætur að fjárhæð kr. 6.539, auk vaxta samkvæmt 8. gr. 1. nr. 38/2001 af þeirri fjárhæð,- frá 17. janúar 2014 til 3. mars 2014. Eftir það er krafist dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. sbr. 9. gr. laganna til greiðsludags. Að auki er krafist lögmannskostnaðar, kr. 22.000,- auk vsk. Þá er krafist viðbótarkostnaðar komi til aukinnar vinnu undir rekstri málsins.

Vegna ákærukafla II:

Erla Skúladóttir hdl., gerir þá kröfu f.h. ÁTVR að ákærði verði dæmdur til að greiða umbjóðanda hennar skaðabætur að fjárhæð kr. 13.408, auk vaxta samkvæmt 8. gr. 1. nr. 38/2001 af þeirri fjárhæð,- frá 17. janúar 2014 til 3. mars 2014. Eftir það er krafist dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. sbr. 9. gr. laganna til greiðsludags. Að auki er krafist lögmannskostnaðar, kr. 22.000,- auk vsk. Þá er krafist viðbótarkostnaðar komi til aukinnar vinnu undir rekstri málsins.

Vegna ákærukafla III:

Bjarki Þór Sveinsson hdl. gerir þá kröfu f.h. A, kt. [...], að ákærði verði dæmdur til að greiða umbjóðanda hans skaðabætur að fjárhæð kr. 1.130.500 auk dráttarvaxta frá 6. október 2013 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Vegna ákærukafla IV:

c.

Hjálmar Þröstur Pétursson, framkvæmdastjóri, gerir þá kröfu f.h. ALP hf. að ákærði verði dæmdur til að greiða hlutafélaginu kr. 2.539.213- auk dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá útgáfudegi reiknings (gjaldþaga) til greiðsludags.

ð.

Daði Ólafsson hdl. gerir þá kröfu f.h. Brimborgar ehf. að ákærði verði dæmdur til að greiða einkahlutafélaginu kr. 534.230- ásamt dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af kr. 216.563- frá 20.04.2013 til 20.05.2013, af kr. 380.564- frá 20.05.2013 til 20.06.2013, og af kr. 534.230- frá 20.06.2013 til greiðsludags.

e.

Erla Skúladóttir hrl. gerir þá kröfu f.h. Nýherja hf. að ákærði verði dæmdur til að greiða hlutafélaginu kr. 88.543- auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 af þessari fjárhæð frá tjónsdegi, 30. apríl 2013 til 27. júlí 2013 en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1.mgr. 6. gr., sömu laga mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

f.

Friðbjörn Garðarsson hrl. gerir þá kröfu f.h. Löðurs ehf. að ákærði verði dæmdur til að greiða einkahlutafélaginu kr. 167.495- auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. apríl til 3. ágúst 2013 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags.

m.

Finnur Árnason, forstjóri, gerir þá kröfu f.h. Hagkaup hf. að ákærði verði dæmdur til að greiða hlutafélaginu kr. 295.556- auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, eða hinn 20.05.2013, og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

o.

Sigurður Svansson, framkvæmdastjóri, gerir þá kröfu f.h. Radióraf ehf. að ákærði verði dæmdur til að greiða einkahlutafélaginu kr. 208.147- auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá tjónsdegi þann 09.04.2013 en síðan dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags.

ó.

Lilja Guðmundsdóttir, innkaupastjóri, gerir þá kröfu f.h. KFC hf. að ákærði verði dæmdur til að greiða hlutafélaginu kr. 28.806.

u.

Finnur Árnason, forstjóri, gerir þá kröfu f.h. Bónus hf. að ákærði verði dæmdur til að greiða hlutafélaginu kr. 60.517- auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, eða hinn 25.05.2013, og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

w.

Símon Kjærnested, fjármálastjóri, gerir þá kröfu f.h. Atlantsolíu ehf. að ákærði verði dæmdur til að greiða einkahlutafélaginu kr. 46.934- auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá tjónsdegi sem var 31.5.2013 en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags.

Vegna ákærukafla VI:

Sturla Eðvarðsson, framkvæmdastjóri, gerir þá kröfu f.h. Smáralindar ehf. að ákærði verði dæmdur til að greiða kr. 99.990 auk dráttarvaxta og allan þann innheimtukostnað sem fellur til vegna innheimtu kröfunnar samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá tjónsdegi sem var 18.4.2013 til greiðsludags.

Vegna ákærukafla VII:

c.

Sverrir Sverrisson gerir þá kröfu f.h. SS Bílaleigu ehf. að ákærði verði dæmdur til að greiða félaginu skaðabætur að fjárhæð kr. 251.717 auk vaxta, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 20. júlí 2012 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Vegna ákærukafla X:

Gunnar Óskarsson gerir þá kröfu f.h. Alp hf. að ákærði verði dæmdur til þess að greiða umbjóðanda hans skaðabætur að fjárhæð kr. 1.103.260 auk dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Vegna ákærukafla XIII:

J, kt. [...], gerir þá kröfu f.h. D, kt. [...], að ákærði verði dæmdur til að endurgreiða D samtals kr. 360.000 og vísast til gagna málsins hvað þetta varðar. Einnig er gerð krafa um vexti samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá tjónsdegi þann 18.10.2012, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags.

Vegna ákærukafla XIV:

Guðjón Ólafur Jónsson hrl. gerir þá kröfu f.h. E, kt. [...], að ákærði verðir dæmdur til að greiða umbjóðanda hans skaðabætur að fjárhæð kr. 1.125.500 (einnmílljón eitthundrað tuttugu og fimm þúsund og fimm hundruð 0/00) auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 20. nóvember 2012, til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er kynnt ákærða, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga

frá þeim degi til greiðsludags. Þá er jafnframt krafist málskostnaðar fyrir héraðsdómi.

Vegna ákærukafla XV:

Guðjón Ólafur Jónsson hrl. gerir þá kröfu f.h. F, kt. [...], að ákærði verðir dæmdur til að greiða umbjóðanda hans skaðabætur að fjárhæð kr. 2.525.500 (tværmilljónirfimmhundruðtuttuguogfimmþúsundogfimm-hundruð0/00) auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 af kr. 400.000 frá 28. nóvember 2012 til 29. janúar 2013 en af kr. 2.400.000 frá þeim degi til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er kynnt ákærða, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er jafnframt krafist málskostnaðar fyrir héraðsdómi.

Vegna ákærukafla XVI:

Guðjón Ólafur Jónsson hrl. gerir þá kröfu f.h. G, kt. [...], að ákærði verðir dæmdur til að greiða umbjóðanda hans skaðabætur að fjárhæð kr. 1.125.500 (einmilljónéitthundraðtuttuguogfimmþúsundogfimmhundruð0/00) auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 af kr. 300.000 frá 29. nóvember 2012 til 11. janúar 2013, en af kr. 1.000.000 frá þeim degi til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er kynnt ákærða, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er jafnframt krafist málskostnaðar fyrir héraðsdómi.

Vegna ákærukafla XVII:

Sigurmar K. Albertsson hrl., gerir þá kröfu f.h. Sunshine Press Productions ehf., kt. [...] [...] að ákærði verði dæmdur til að greiða umbjóðanda hans skaðabætur að fjárhæð USD 40.895,15 og EUR 13.302,60.“

--ooOoo--

Mál þetta var þingfest 12. júní 2014. Ákærði mætti við þingfestinguna ásamt Vilhjálmi Hans Vilhjálmsyni hæstaréttarlögmanni sem var að ósk ákærða skipaður verjandi hans. Óskaði ákærði eftir fresti til að taka afstöðu til sakargifta samkvæmt ákæru og var málinu við svo búið frestað til 18. ágúst. Þann dag neitaði ákærði sakargiftum samkvæmt ákæruleiðum I – XVIII. Þá var bókað í þingbók að skipaður verjandi myndi ekki nýta heimild ákærða til að skila skriflegri greinargerð af hans hálfu samkvæmt 165. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Enn fremur var bókað að krafist væri frávísunar á ákæruköflum I og II, ákærukafla IV, liðum a, á, b, c, d, ð, e, é, f, g, h, i, j, k, l, m, n, o, ó, p, q, r, s, t, u, ú, v og w. Þá var gerð krafa um frávísun vegna ákærukafla V og hvað varðar ákærukafla VII þá var gerð krafa um frávísun þar vegna staflíða a, á, b, c, d og ð. Einnig var gerð krafa um frávísun vegna ákærukafla IX og ákærukafla X. Að öðru leyti væri gerð krafa um sýknu í

samræmi við afstöðu ákærða. Var málinu frestað til að ljúka gagnaöflun til 1. september 2014. Þann dag var ákveðið að munnlegur málflutningur vegna frávísunarkröfu ákærða færi fram 23. október 2014. Í þinghaldi í málinu þann dag var að ósk ákærða bókað að fallið væri frá kröfu um frávísun á öllum öðrum ákæruliðum en köflum I og II. Einnig var bókað að ákæruvaldið félli frá ákæruliðum I og II og þess getið að ákærði hefði gengist undir sátt vegna þeirra. Voru sakflytjendur sammála um að fresta málinu um sinn, eða til 6. nóvember 2014, til ákvörðunar um fyrirkomulag aðalmeðferðar í málinu. Vegna anna dómara var málið tekið fyrir degi síðar, 7. nóvember 2014. Þann dag lagði fulltrúi ákæruvaldsins fram vitnalista. Meðal vitna á listanum var K, skráður með dvalarstað í sendiráði Ekvador í London. Gerði ákæruvaldið ráð fyrir því að skýrsla yrði tekin af vitninu um síma með vísan til þess að vitnið ætti þess ekki kost að koma fyrir dóminn til skýrslugjafar. Skipaður verjandi ákærða mótmælti því að vitnið gæfi símaskýrslu og gerði kröfu um að vitnið yrði leitt fyrir dóminn. Vegna þessa ágreinings var sakflytjendum gefinn kostur á að flytja málið sem var að því loknu tekið til úrskurðar. Með úrskurði dómsins 14. nóvember 2014 var tekin til greina krafa lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um að vitnið K gefi skýrslu fyrir dómi gegnum síma. Ákærði lýsti því yfir við uppkvaðningu úrskurðarins að hann kærdi úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands í því skyni að honum yrði hnekkkt. Úrskurður héraðsdóms var staðfestur með dómi Hæstaréttar Íslands 19. nóvember 2014 í málinu nr. 734/2014. Í þinghaldi í málinu degi síðar var fyrirkomulag aðalmeðferðar ákveðið og skyldi hún hefjast þriðjudaginn 2. desember 2014. Með tölvupósti frá verjanda ákærða til dómara 24. nóvember síðastliðinn var tilkynnt að ákærði vildi breyta frá fyrri afstöðu til sakargifta og játa sök samkvæmt köflum III-XVIII í ákæru. Við svo búið var boðað til þinghalds 26. nóvember síðastliðinn. Þann dag viðurkenndi ákærði undanbragðalaust að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru, það er köflum III – XVIII. Þá viðurkenndi ákærði bótaskyldu í öllum tilvikum.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við rannsóknargögn lögreglu, er nægilega sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í köflum III. – XVIII. í ákæru. Er háttsemi ákærða réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Verður dómur lagður á málið án frekari sönnunarfærslu, sbr. heimildarákvæði 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann 6. febrúar 2014 dæmdur í átta mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 3. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þann 13. mars 2014 gekkst ákærði undir sáttir fyrir tvö brot gegn 244. gr. sömu laga og greiðslu sektar, samtals að fjárhæð 40.000 krónur. Brotavilji ákærða var einbeittur. Þá eru brot ákærða stórfelld, varða verulegar fjárhæðir og beindust í sumum tilvikum að einstaklingum sem urðu fyrir tilfinnanlegu fjártjóni. Er það virt ákærða til refsíþyngingar, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Á móti kemur að ákærði var ungur að árum þegar hann framdi brotin, sbr. 4. tölulið 1. mgr. 70. gr. laganna. Refsingur ákærða fyrir brot þau sem hann er nú sakfelldur fyrir ber samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga að ákveða sem hegningarauka við ádurnefndan dóm frá 6. febrúar 2014. Að öllu þessu virtu þykir refsing ákærða, sem ákveðin er samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár. Með vísan til 76. gr. sömu laga skal draga frá refsivistinni gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 31. maí 2014 til 7. júní 2014 og frá 1. nóvember 2014 til 22. desember 2014 með fullri dagatölu.

Verður nú vikið að bótakröfum í málinu:

Dráttarvextir sem dæmdir eru reiknast í öllum tilvikum frá 30. júní 2014 en þá var mánuður liðinn frá birtingu allra bótakrafna fyrir ákærða samkvæmt birtu fyrirskalli.

Bótakröfur ÁTVR: Í málinu liggja fyrir tvær skaðabótakröfur brotaþola, ÁTVR, samtals að fjárhæð 19.947 krónur auk vaxta og kostnaðar, vegna háttsemi sem lýst er í I og II. kafla ákærunnar. Í þinghaldi í málinu 23. október 2014 féll ákærvaldið frá greindum ákæruliðum þar sem ákærði hefði 13. mars 2014 undirgengist sátt um greiðslu sektar fyrir brotin. Samkvæmt því eru bótakröfur þessar byggðar á atvikum sem liggja utan ákæruefnis máls þessa og því verður ekki dæmt um kröfur ÁTVR í máli þessu og ber að vísa þeim frá dómi.

Bótakrafa A, kt. [...]. Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sem lýst er í III. kafla ákæru og er dæmdur til að greiða A 1.130.500 krónur auk vaxta eins og greinir í dómsorði. Þá greiði ákærði A 125.500 krónur í málskostnað.

Bótakrafa Alp hf. Bótakrafan er þannig úr garði gerð að hún uppfyllir ekki skilyrði 1. mgr. 173. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ber að vísa henni frá dómi.

Bótakrafa Brimborgar ehf. Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sem lýst er í IV. kafla, d. lið og er dæmdur til að greiða Brimborg hf. 534.230 auk vaxta eins og greinir í dómsorði. Þá greiði ákærði Brimborg hf. 125.500 krónur í málskostnað.

Bótakrafa Nýherja hf. Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sem lýst er í IV. kafla, e. lið ákæru og er dæmdur til að greiða Nýherja hf. 88.543 krónur auk vaxta eins og greinir í dómsorði. Ákærði greiði Nýherja hf. 106.675 krónur í málskostnað.

Bótakrafa Löðurs ehf. Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sem lýst er í IV. kafla, f. lið ákæru og er dæmdur til að greiða Löðri ehf. 167.495 krónur auk vaxta eins og greinir í dómsorði. Ákærði greiði Löðri ehf. 125.500 krónur í málskostnað.

Bótakrafa Hagkaups hf. Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sem lýst er í IV. kafla, m. lið ákæru og er dæmdur til að greiða Hagkaup hf. 295.556 krónur auk vaxta eins og greinir í dómsorði. Ákærði greiði Hagkaup hf. 40.000 krónur í málskostnað.

Bótakrafa Radióraf ehf. Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sem lýst er í IV. kafla, o. lið ákæru og er dæmdur til að greiða Radióraf ehf. 208.147 krónur auk vaxta eins og greinir í dómsorði.

Bótakrafa KFC hf. Bótakrafan er þannig úr garði gerð að hún uppfyllir ekki skilyrði 1. mgr. 173. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ber að vísa henni frá dómi.

Bótakrafa Bónuss hf. Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sem lýst er í IV. kafla, u. lið ákæru og er dæmdur til að greiða Bónus hf. 60.517 krónur auk vaxta eins og

greinir í dómsorði. Ákærði greiði Bónuss hf. 40.000 krónur í málskostnað.

Bótakrafa Atlantsolíu ehf. Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sem lýst er í IV. kafla, w. lið ákærðu og er dæmdur til að greiða Atlantsolíu ehf. 46.934 krónur auk vaxta eins og greinir í dómsorði.

Bótakrafa Smáralindar ehf. Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sem lýst er í VI. kafla ákæru og er dæmdur til að greiða Smáralind ehf. 99.990 krónur auk vaxta eins og greinir í dómsorði.

Bótakrafa SS Bílaleigu ehf. Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sem lýst er í VII. kafla, c. lið ákæru og er dæmdur til að greiða SS Bílaleigu ehf. 251.717 krónur auk vaxta eins og greinir í dómsorði.

Bótakrafa ALP hf. Bótakrafan er þannig úr garði gerð að hún uppfyllir ekki skilyrði 1. mgr. 173. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ber að vísa henni frá dómi.

Bótakrafa D. Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sem lýst er í XIII. kafla ákæru og er dæmdur til að greiða D, kt. [...] 360.000 krónur auk vaxta eins og greinir í dómsorði.

Bótakrafa E. Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sem lýst er í XIV. kafla ákæru og er dæmdur til að greiða E, kt. [...], 1.125.500 krónur auk vaxta eins og greinir í dómsorði. Ákærði greiði E 125.500 krónur í málskostnað.

Bótakrafa F. Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sem lýst er í XV. kafla ákæru og er dæmdur til að greiða F, kt. [...] 2.525.500 krónur auk vaxta eins og greinir í dómsorði. Ákærði greiði F 125.500 krónur í málskostnað.

Bótakrafa G. Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sem lýst er í XVI. kafla ákæru og er dæmdur til að greiða G, kt. [...] 1.125.500 krónur auk vaxta eins og greinir í dómsorði. Ákærði greiði G 125.500 krónur í málskostnað.

Bótakrafa Sunshine Press Productions ehf. Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sem lýst er í XVII. kafla ákæru og er dæmdur til að greiða Sunshine Press Productions ehf. skaðabætur að fjárhæð USD 40.895,15 og EUR 13.302,60 krónur. Ekki er gerð krafa um vexti eða kostnað.

Samkvæmt 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber ákærða að greiða sakarkostnað málsins sem er þóknun skipaðs verjanda ákærða, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns, vegna vinnu hans í þágu ákærða bæði á rannsóknarstigi og fyrir dómi. Er þóknun verjanda ákveðin í einu lagi og þykir hæfilega ákveðin 3.074.750 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Jón Höskuldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Ingi Þórðarson, sæti fangelsi í 2 ár. Til frádráttar refsingu ákærða komi gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 31. maí 2014 til 7. júní 2014 og frá 1. nóvember 2014 til 22. desember 2014 með fullri dagatölu.

Ákærði greiði eftirtöldum einstaklingum og lögaðilum skaðabætur:

A, kt. [...], 1.130.500 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. júní 2014 til greiðsludags og 125.500 krónur í málskostnað.

Brimborg hf., kt. [...], 534.230 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. júní 2014 til greiðsludags Þá greiði ákærði Brimborg hf. 125.500 krónur í málskostnað.

Nýherja hf., kt. [...], 88.543 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. apríl 2013 til 30. júní 2014, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Ákærði greiði Nýherja hf. 106.675 krónur í málskostnað.

Löðri ehf., kt. [...], 167.495 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. apríl 2013 til 30. júní 2014, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Ákærði greiði Löðri ehf. 125.500 krónur í málskostnað.

Hagkaup hf., kt. [...], 295.556 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. maí 2013 til 30. júní 2014, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags og 40.000 krónur í málskostnað.

Radíóraf ehf., kt. [...], 208.147 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 9. apríl 2013 til 30. júní 2014, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Bónus hf., kt. [...], 60.517 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. maí 2013 til 30. júní 2014, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags og 40.000 krónur í málskostnað.

Atlantsolíu ehf., kt. [...], 46.934 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 31. maí 2013 til 30. júní 2014, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Smáralind ehf., kt. [...], 99.990 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. apríl 2013 til 30. júní 2014, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

SS Bílaleigu ehf., kt. [...], 251.717 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. júlí 2012 til 30. júní 2014, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

D, kt. [...], 360.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. október 2012 til 30. júní 2014, en dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

E, kt. [...], 1.125.500 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. nóvember 2012 til 30. júní 2014, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Ákærði greiði E 125.500 krónur í málskostnað.

F, kt. [...], 2.525.500 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 400.000 krónum frá 28. nóvember 2012 til 29. janúar 2013, en af 2.400.000 frá þeim degi til 30. júní 2014, en dráttarvöxtur samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Ákærði greiði F 125.500 krónur í málskostnað.

G, kt. [...] 1.125.500 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 300.000 krónum frá 29. nóvember 2012 til 11. janúar 2013, en af 1.000.000 frá þeim degi til 30. júní 2014, en dráttarvöxtur samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Ákærði greiði G 125.500 krónur í málskostnað.

Sunshine Press Productions ehf. USD 40.895,15 og EUR 13.302,60.

Bótakröfum ÁTVR, KFC og ALP hf. er vísað frá dómi.

Ákærði greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar hrl., 3.074.750 krónur.

Jón Höskuldsson